

## REGLUGERÐ

### um starfsmannaráð Póst- og símamálastofnunarinnar.

#### 1. gr.

Hjá Póst- og símamálastofnun skal vera starfsmannaráð skipað á eftirfarandi hátt:

- a) Framkvæmdastjórar aðaldeilda Póst- og símamálastofnunarinnar (fjármála-deild, tæknideild, umsýsludeild og viðskiptadeild) og umdæmisstjóri í Umdæmi I.
- b) Formaður Félags íslenskra símamanna, formaður Póstmannafélags Íslands og einn fulltrúi tilnefndur af Félagi íslenskra símamanna. Auk þess á varamaður formanns Póstmannafélags Íslands, sem félagið tilnefnir, sæti á fundum ráðsins með málfrelsi og tillögurétti.
- c) Fulltrúi Félags háskólamenntaðra póst- og símamanna, þegar fjallað er um stöður, þar sem krafist er háskólamenntunar, svo og á fundum í starfsmannaráði, sem póst- og símamálastjóri boðar til skv. 2. mgr. 3. gr.

#### 2. gr.

Starfsmannaráð kýs sér formann og varaformann til eins árs í senn úr hópi fulltrúa stjórnenda Póst- og símamálastofnunar og ritara og vararitara úr hópi fulltrúa félaganna.

Starfsmannaráð skal halda fund minnst einu sinni í mánuði.

Starfsmannaráð getur ákveðið fasta fundardaga og haldið aukafundi eftir því sem þörf krefur, svo og ef a. m. k. þrír atkvæðisbærir ráðsmenn krefjast. Formaður boðar fundi með dagskrá og stjórnar þeim. Fundir eru ályktunarbærir, ef 5 atkvæðisbærir ráðsmenn eru mættir, enda hafi allir verið boðaðir. Að jafnaði skal ekki afgreiða mál, er heyra undir einhvern fulltrúa stofnunarinnar í ráðinu, að honum fjarstöddum, né heldur mál er varða starfsfólk að fjarstöddum fulltrúum viðkomandi félags, sbr. b. lið 1. gr.

Halda skal gjörðabók, þar sem fundarefni og afgreiðsla mála er skráð. Ef ráðið er ekki sammála hafa einstakir ráðsmenn rétt á að fá bókuð stutt efnisleg sérálit. Afgreiðsla mála og sérálit skulu jafnan fylgja til þess aðila, sem fær málið til endanlegrar afgreiðslu. Allir fundarmenn skulu undirrita fundargerð.

#### 3. gr.

Starfsmannaráð fjallar um þau mál, er varða launakjör og starfsaðstöðu starfsfólks, skipun og setningu í stöður, niðurlagningu á stöðum, frávikningu, menntunarkröfur og önnur skilyrði til starfa, svo og önnur mál er varða hagsmuni einstakra starfsmanna, starfshópa og stofnunarinnar, hvort sem þau berast frá póst- og símamálastjóra eða einstakir ráðsmenn bera þau fram. Skal að jafnaði kynna málin með dagskrá.

Póst- og símamálastjóri skal boða starfsmannaráð á fundi þá, sem hann heldur með framkvæmdastjórum aðaldeilda og umdæmisstjórum sbr. 8. gr. laga um stjórn og starfrækslu póst- og símamála nr. 36/1977.

Skal þar leggja fram, skýra og ræða rekstrar- og framkvæmdaáætlanir stofnunarinnar, svo og ársreikninga og fjárhagsstöðu, og annað er varðar megin stefnumál og verkefni stofnunarinnar.

Leitast skal við að auka áhuga starfsfólksins á því að gefa ráðinu ábendingar um það, sem betur mætti fara og gera tillögur til úrbóta og senda þær starfsmannaráði. Póst- og símamálastjóri veiti starfsmönnum viðurkenningu fyrir slíkar tillögur, eftir ábendingu starfsmannaráðs.

## 4. gr.

Starfsmannaráð er ráðgefandi um þau mál, sem það tekur til meðferðar og gerir skriflegar tillögur eða umsögn um þau til póst- og símamálastjóra. Ráðið getur kallað starfsmenn Póst- og símamálastofnunar á sinn fund til að fá upplýsingar um mál. Ef um er að ræða mál, sem snerta störf umdæma, sem ekki eiga fulltrúa í starfsmannaráði, skal leitað álits viðkomandi umdæmisstjóra.

Áður en starfsmannaráð tekur afstöðu til stöðuveitinga, skal að jafnaði leitað álits næsta yfirmanns þeirrar stöðu, sem um er að ræða.

## 5. gr.

Umræður á fundum ráðsins, er varða einstaka menn persónulega, skulu vera trúnaðarmál.

Reglur þessar eru hér með settar samkvæmt 10. gr. laga nr. 36/1977, um stjórn og starfrækslu póst- og símamála til að öðlast þegar gildi og birtast til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Jafnframt fellur úr gildi reglugerð nr. 365/1976.

*Samgönguráðuneytið, 27. desember 1979.*

**Magnús H. Magnússon.**

*Brynjólfur Ingólfsson.*

## AUGLÝSING

**um breyting á samþykkt um gatnagerðargjöld A  
í Akraneskaupstað nr. 385 15. ágúst 1975.**

## 3. gr. orðist svo:

Bæjarstjórn ákveður að leggja á gatnagerðargjald vegna nýbygginga og skal miða gjaldið við ákveðinn hundradshluta af byggingarkostnaði á rúmmetra, eins og hann er talinn af Hagstofu Íslands, svo sem hér segir:

Einbýlishús .....	4.0%
Fjölbýlishús, 6 íbúðir eða fleiri .....	1.0%
Önnur íbúðarhús .....	2.5%
Versl. og skrifstofubyggingar .....	3.3%
Iðnaðarhús, vörugeymslur og annað atvinnuhúsnæði ....	1.8%
Opinberar byggingar .....	4.0%
Aðrar byggingar .....	2.5%

Af bifreiðageymslum skal greiða hálf gald. Auk þessa gjalds skal lóðarhafi greiða kr. 123 af hverjum fermetra lóðar. Gjald skal miðað við stærð húss, samkvæmt samþykktum uppdrætti. Nú er ekki fyrir hendi samþykktur uppdráttur og skal þá miða við stærð húss, sem skipulag gerir ráð fyrir, en sé slíkt ekki ákveðið í skipulagi, skal miðað við eftirfarandi lágmarksstærðir:

Einbýlishús með tilheyrandi bilgeymslu .....	500 m <sup>3</sup>
Raðhús, tvíbýlishús, sambyggð einbýlishús; hver íbúð ..	400 m <sup>3</sup>
Fjölbýlishús, hver íbúð .....	300 m <sup>3</sup>